

*Samræmd starfsleyfisráði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

Starfsleyfisráði fyrir gistingu gegn gjaldi á einkaheimili

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Til gistingar á einkaheimilum telst sala á gistingu á heimili leigusala allt að 8 herbergi eða 16 rúm. Ávallt skal heimilismaður búa á staðnum og vera til staðar meðan gestir dvelja í gistingu.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfis skyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisráði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni; um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðarhúsnæði og vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.4 Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Ef snyrting og baðaðstaða er ekki í beinu sambandi við herbergi skal hún vera nærliggjandi. Á slíkum sameiginlegum snyrtingum skulu vera einnota handþurrkur og fljótandi handsápa við handlaugar. Handlaug skal þó vera í hverju herbergi. Að jafnaði skulu ekki fleiri en 10 gestir vera um hverja snyrtingu og baðaðstöðu.
- 2.5 Rúm sem ætlað er einum gesti skal vera a.m.k. 2 x 0,9 m og tveimur gestum a.m.k. 2 x 1,4 m. Fataskápur eða fataslá skulu vera í hverju herbergi.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.
- 2.7 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð, amk. 18°C og loftræst á fullnægjandi hátt.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.

4. Matvæli

- 4.1 Ef framreiddur er morgunmatur skal vera fullnægjandi aðstaða til matreiðslu og geymslu matvæla. Heimagisting með leyfi fyrir 10 gesti eða fleiri, sem bjóða upp á morgunverð skulu

hafa upphvottavél. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla

5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 55.12.04 Heimagisting